

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010, Strandgata.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Svæði fyrir opinberar stofnanir á Landsbankalóð er fellt út og svæði fyrir verslun og þjónustu stækkað sem því nemur.
2. Iðnaðarsvæði norðan Strandgötu er fellt út og svæði fyrir verslun og þjónustu stækkað sem því nemur.
3. Strandgata er framlengd að Búðargötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. apríl 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*